



Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir starfsárið 2025

Ég býð ykkur velkomin til 14. ársfundar sjálfseignarstofnunarinnar Þekkingarseturs Suðurnesja sem haldin er í dag 21. maí 2026. Hér verður gerð grein fyrir starfsemi setursins fyrir árið 2025.

Engar breytingar urðu á stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja á árinu, en í henni sitja;

- Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar og stjórnarformaður
- Guðmundur Grétar Karlsson, skipaður af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum
- Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis
- Sindri Gíslason, skipaður af Náttúrustofu Suðvesturlands

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Einar Jón Pálsson
- Þorvaldur Örn Árnason
- Gísli Hólmur Jóhannesson
- Sæunn Stefánsdóttir
- Guðrún Kristín Ragnarsdóttir

Forstöðukona setursins er Hanna María Kristjánsdóttir

Stjórnin fundaði fjórum sinnum á árinu auk ársfundar.

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað 1. apríl 2012 og að því standa öll sveitarfélögin á Suðurnesjum, Náttúrustofa Suðvesturlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Keilir. Gerður var samningur við mennta,- og menningarmálaráðuneytið sem nú heitir Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti. Samningar voru endurnýjaðir og framlengdir í stuttan tíma í senn. Nýr samningur við ráðuneytið var gerður í lok árs 2024 til þriggja ára, sem hljóðaði uppá 34 milljóna króna ársframlag sem varð mikið ánægjuefni. Helstu markmið þekkingarsetursins snúa að rannsóknum, háskólabjónustu, þróun og nýsköpun skv. nýjum samningi við ráðuneytið.

Rannsóknir og þróun

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru megin stoðstofnanir þekkingarsetursins og sjá að miklu leyti um rannsóknarhluta þess. Mikið og gott samstarf er á milli þessara stofnana. Áherslusviðin eru sem fyrr, fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði.

Náttúrustofa Suðvesturlands kemur að fjölbreyttum verkefnum en megináhersla er lögð á fugla- og sjávarrannsóknir (fjöru og grunnsjávarlíf) enda er stofan einstaklega vel staðsett til slíkra rannsókna. Á Náttúrustofunni er miðstöð fræða framandi sjávarlífvera á Íslandi, þar er haldið utan um útbreiðslu allra þekkra framandi sjávarlífvera við Ísland og jafnframt lögð stund á metnaðarfullt rannsóknastarf í þessum fræðum. Forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands er Dr. Sindri Gíslason.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum stundar rannsóknir á sviði eiturefnavistfræði og sjávarlíffræði. Áherslur rannsókna eru áhrif mengandi efna á sjávarlífverur á norðurslóðum, í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn og framhaldsnema. Skoðuð eru áhrif ýmissa efna á krækling, öðuskel og krabbadýr með notkun líffræðilegra mælikvarða og notagildi aðferðarinnar við umhverfissvöktun. Rannsóknarsetur HÍ hefur umsjón með söfnun kræklinga vegna árlegrar mengunarvöktunar á landsvísu, að beiðni Umhverfisstofnunar og heldur áfram rannsóknum á mengun í íslenskum höfnum.

Starfsmenn Rannsóknasetursins eru í vinnuhópum á vegum ICES og AMAP er lúta að áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og umfangi plastmengunar á norðurslóðum en margir af fremstu vísindamönnum Evrópu á þessu sviði eru þátttakendur í þeim samstarfshópum.

Rannsóknasetrið hefur umsjón með Sæmundi fróða RE, rannsóknabáti Háskóla Íslands, og nýttist hann við ýmis rannsókn-, kennslu- og þjónustuverkefni. Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum er Dr. Halldór Pálmar Halldórsson.

Rannsóknnaaðstaða Þekkingarsetursins er fyrsta flokks. Stærra blautrými setursins var notað af fiskeldisfyrirtækinu Benchmark Genetics til ræktunar hrognkelsa og hefur leigusamningur verið framlengdur ótímabundið. Fyrirtækið byggði upp viðbótaraðstöðu í geymslurými Þekkingarsetursins, og bætti við nýrri borholu, sem á eftir að koma sér vel við komandi rannsóknir í setrinu. Minna blautrými setursins hefur verið lítið notað undanfarið, rýmið hefur fengið smá upplýftingu og standa vonir um að það verði nýtt sem fyrst.

Þekkingarsetrið er aðili að rannsóknasamtökunum INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic). Síðustu ár hefur verkefnið verið fjármagnað með styrkjum úr Horizon 2020 sjóði Evrópusambandsins. Nú er þeirri fjármögnun lokið og samtökin orðin sjálfstæð og byggð á styrkjum og verkefnaþátttöku. Þekkingarsetrið er áfram aðili að samtökunum enda þátttakan skilað miklum og góðum tengingum.

Verkefni, fræðsla og samstarf

Hjá rannsóknastöð Þekkingarsetursins hefur verið áhersla lögð á fuglarannsóknir sem snúa meðal annars að því að svara brýnum spurningum er varða far, lýðfræði og vernd farfugla. Íslenski tjaldurinn er þar í aðalhlutverki. Tjaldurinn er mjög ákjósanlegt viðfangsefni slíkra rannsókna því að stofninn er samsettur af bæði farfuglum og staðfuglum. Líffræðingurinn Sölvi Rúnar Vignisson hafði umsjón með rannsókninni. Hann lét af störfum hjá Þekkingarsetrinu sumarið 2025 en hafði þá starfað þar síðan í byrjun árs 2013. Það er mikill missir af Sölva bæði sem samstarfsmanni og vísindamanni hjá setrinu, en hann stýrir nú Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn. Stjórn og forstöðukona Þekkingarsetursins þakka Sölva fyrir frábært samstarf og gríðarlega mikilvægt framlag hans til rannsókna á vegum setursins.

Dr. Anna Selbmann tók við stöðu Sölva sem líffræðingur við Þekkingarsetrið í byrjun ágúst 2025. Með tilkomu Önnu sem er sérfræðingur í hvalarannsóknnum, breyttust áherslurnar í rannsóknnum setursins. Framundan er fyrsta stóra verkefnið er tengist hvöllum og nefnist það „**Hvar eru hvalirnir?**“ Aðalmarkmið verkefnisins er að leita að hvöllum á Suðurnesjum og safna gögnum um viðveru fjölbreyttra tegunda hvala á svæðinu með notkun hljóðdufla og margvíslegrar vöktunar víðsvegar á Reykjanesi.

Nokkur breyting varð á starfsemi Þekkingarsetursins þegar nýr samningur við ráðuneytið var gerður. Meiri áhersla er nú lögð á þjónustu við háskóla og háskólanema með ýmsum hætti. Hentug námsaðstaða hefur verið byggð upp í setrinu. Sett voru upp vinnuborð og fundarherbergi eða hópinnuaðstaða með fullkomnum fjarfundabúnaði. Í boði er aðstaða fyrir allt að 10 nemendur sem munu eiga kost á að nýta Þekkingarsetrið til lærdóms hvenær sem er sólarhringsins og óháð námsgrein eða skóla.

Á síðasta ári var skrifað undir leigusamning á skrifstofuaðstöðu til þriggja ára vegna óstaðbundins starfs á vegum Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem er skemmtileg viðbót við þá starfsemi sem fyrir er í setrinu.

Hér í Þekkingarsetrinu er fjórar sýningar sem setrið hefur umsjón með fyrir Suðurnesjabæ. Sýningin „Heimskautin Heilla“ sem fjallar um ævi og störf franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot hefur staðið hér í setrinu í um 19 ár. Sýningin er samstarfsverkefni Suðurnesjabæjar, Háskóla Íslands, Þekkingarsetursins og fjölskyldu Charcot. Náttúrugripasýning er hér í aðasal þar sem finna má lifandi sjávardýr og rannsóknaraðstöðu fyrir börn sem nýta má í skólakennslu og hefur Fróðleiksfúsi haft þar veigamiknið hlutverk með því að kynna dýrin með myndum og hljóðum, á íslensku og pólsku. Á neðri hæð má svo finna sýninguna „Huldir heimar hafsins – Ljós þangálfanna“ eftir Katrínu Þorvaldsdóttir, Eydísi Mary Jónsdóttir og samstarfsfólk þeirra.

Þekkingarsetrið hefur frá árinu 2015 séð um skipulagningu og framkvæmd starfsgreinakynningar fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum, fyrir hönd Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS). Mikil ánægja hefur verið með þessa kynningu meðal nemenda, skóla og atvinnurekenda á svæðinu. Á síðasta ári voru um 110 starfsgreinar kynntar og voru á bilinu 800-900 nemendur úr grunnskólum og um 100 til viðbótar frá FS, Keili og MSS sem sóttu kynninguna.

Þekkingarsetrið er í góðum samskiptum við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fisktækniskóla Íslands, Geocamp - GeoSchool, Keili og leik- og grunnskóla á svæðinu enda koma margir þeirra með nemendur sína í heimsókn í setrið á hverju ári. Þekkingarsetrið veitir einum útskriftarnemanda frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í náttúrufræðigreinum að hausti og vori. Sömuleiðis fær einn útskriftarnemandi frá Grunnskólanum í Sandgerði viðurkenningu að vori.

Þekkingarsetrið er aðili að Fablab Suðurnesja og er aðstaða þess í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Fablab er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Smiðjan veitir einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Einnig er setrið aðili að Reykjanes UNESCO Global Geopark, Markaðsstofu Reykjanes og sjávarklasanum á Suðurnesjum. Á síðasta ári sóttu hingað í Þekkingarsetrið hátt í þúsund gestir og yfir þúsund nemendur heimsóttu sýningar setursins og fjölgar þeim þar með frá ári til árs sem er mjög ánægjulegt.

Þekkingarsetrið er í góðum tengslum við önnur þekkingarsetur á landinu. Samtök þekkingarsetra (SPS) voru stofnuð í apríl 2020 og sat forstöðukona í stjórn þeirra frá stofnun fram að ársfundi 2021. Á ársfundi síðasta árs sem haldinn var af Þekkingarneti Þingeyinga á Húsavík, var aftur komið að forstöðumanni Þekkingarsetursins til að taka sæti í stjórn og sinna hlutverki stjórnarformanns. Forstöðumenn þekkingarsetranna funda að jafnaði mánaðarlega til að ræða ýmis mál sem eru setrunum sameiginleg.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir

Á síðasta starfsári störfuðu 3 starfsmenn í Þekkingarsetrinu í 2,7 stöðugildum og yfir sumarið var einn sumarstarfsmaður í fullu starfi og annar í hlutastarfi. Í dag eru fastráðnir starfsmenn enn 3 og í sumar verður sama fyrirkomulag og í fyrra. Sölvi Rúnar Vignisson lét af störfum á síðasta ári eins og fram hefur komið. Til starfa kom Dr. Anna Selbmann og tók hún við störfum Sölva sem líffræðingur Þekkingarseturs Suðurnesja. Við bjóðum hana hjartanlega velkomna til starfa.

Stjórn Þekkingarsetursins samþykkti rekstraráætlun fyrir árið 2025 á fundi sínum í nóvember 2024. Áætlaðar tekjur fyrir árið 2025 voru rúmar 59 milljónir og útgjöld rúmar 61 milljónir,

rekstrarhalli því rúmar 2 milljónir. Tekjur urðu þó mun hærri, meðal annars vegna uppgjörs Interact verkefnis og aukinna þjónustuverkefna. Tæp 42% teknanna koma frá ríkissjóði eða um 35 milljónir króna. Suðurnesjabær kemur svo til móts við Þekkingarsetrið varðandi viðhald húsnæðis og rekstur sýninga. Aðrar tekjur koma frá styrkjum, leigu á aðstöðu, aðgangseyri og útseldum verkefnum.

Þekkingarsetrið fékk góða styrki á árinu 2025, frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja, 1.500.000.- fyrir Háskólaþjónustu í Þekkingarsetri Suðurnesja og 250.000 kr. styrk úr Menningarsjóði Suðurnesjabæjar fyrir sama verkefni. Við stjórnin óskum ykkur til hamingju með styrkina.

Samtök þekkingarsetra sóttu um styrk í Lóu sjóðinn í samstarfi við KPMG og Innovation Week fyrir verkefninu Gervigreind og nýsköpun. Styrkur að upphæð 6,6 milljónir fékkst fyrir verkefninu. Það snéri að vinnustofum sem haldnar voru í næstum öllum landshlutum, í hverju þekkingarsetri, af KPMG og Innovation Week þar sem fjallað var um gervigreind og nýsköpun.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar þakka ykkur öllum fyrir gott samstarf á síðasta ári.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir

Stjórnarformaður